

# KIRKJUGARÐARÁÐ

## 87. fundur haldinn 11. apríl 2011 í fundarsal Biskupsstofu.

---

**Mætt voru:** Ragnhildur Benediktsdóttir formaður, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri, Þórsteinn Ragnarsson, Sigurgeir Skúlason, Smári Sigurðsson, Valtýr Valtýsson og Gunnar Bollason í forföllum Kristínar Huldar Sigurðardóttur og ritaði hann fundargerð.

**Gestur fundarins:** Fríða Björg Eðvarðsdóttir.

### 1. Setning fundar og fundargerð síðasta fundar

Fundur settur kl. 13:00 og fundargerðir síðustu tveggja funda lagðar fram.

### 2. Leiðbeiningar um grasumhirðu kirkjugarða

Fríða Björg Eðvarðsdóttir landslagsarkitekt hjá VSÓ kynnti. Görðum er skipt í sveitagarða, þorpsgarða og þéttbýlisgarða. Ákveðið var að orða eina setninguna sem svo að sveitagarðar skuli slegnir eftir þörfum. Ákveðið var að Guðmundur Rafn kynnti bæklinginn á þingi KGSÍ á Húsavík í maí.

### 3. Bréf vegna tillögu að breyttu fyrirkomulagi á greiðslum fyrir prestsþjónustu við útfarir

Þórsteinn kynnti. Stjórn KGSÍ vill ná inn upplýsingum um prestsþjónustu við útfarir mun fyrr en nú er raunin. Útbúið verður eyðublað þar sem upplýsingar úr dánarskýrslum og jarðarfarafráskýrslum eru settar inn.

### 4. Hafnarkirkjugarður – drög að deiliskipulagi stækkunar

Ráðgert er að stækka Hafnarkirkjugarð í fyrsta áfanga í norður, en í öðrum áfanga í átt að hótelinu, en þó ekki eins langt og til stóð. Framkvæmd þessi hafði áður verið kynnt á fundi Kirkjugarðaráðs og voru engar athugasemdir gerðar. Framkvæmdastjóra var falið að senda kirkjugarðsstjórninni bréf í samráði við formann.

### 5. Fyrirspurn frá kirkjugarðsstjórn Kotstrandarkirkjugarðs um hvort henni sé heimilt að greiða styrk til Hveragerðiskirkju

Gjaldkeri kirkjugarðsstjórnar Kotstrandarkirkjugarðs hafði samband við framkvæmdastjóra og spurði hvort heimilt væri að kirkjugarðsstjórnin greiddi Hveragerðiskirkju styrk þar sem garðurinn ætti afgangsfé en Hveragerðiskirkja væri rekin með tapi. Kostrandarkirkjugarður er kirkjugarður Hvergerðinga. Kirkjugarðaráð telur það óheimilt að kirkjugarðar styrki sóknarsjóði.

### 6. Afgreiðsla greiðsluáætlunar Kirkjugarðasjóðs fyrir árið 2011

Sjötti liður. Fram kom að eftir standa 1.200.000 kr. af bílaláni vegna bifreiðar sem Kirkjugarðasjóður er með á rekstrarleigu og notuð er vegna starfsemi ráðsins. Ákveðið var að láta Íslandsbanka reikna út hvort hagstæðara væri að greiða upp lánið eða halda áfram rekstrarleigunni.

## 7. Næsti fundur

Ákveðið var að næsti fundur yrði haldinn mánudaginn 9. maí 2011 kl. 13:00 á Biskupsstofu. Þá verður gerð grein fyrir fundi í fjármálaráðuneytinu vegna gjaldalíkans.

## 8. Önnur mál

Ákveðið var að óska eftir að Hermann Sæmundsson skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu komi á fundinn 9. maí. Smári óskaði eftir upplýsingum um stöðuna á legstaðaskráum svo hægt sé að svara spurningum sem koma inn á gardur.is um hvers vegna ekki sé komin inn legstaðaskrá fyrir þennan og hinn garðinn.

Ákveðið var að Sigurgeir kynnti á næsta fundi stöðu skráningarverkefna. Tekinn var fyrir fyrsti liður fundarins og voru fundargerðir tveggja síðustu funda samþykktar.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 15:12.

---

Ragnhildur Benediktsdóttir,  
formaður

---

Kristín Huld Sigurðardóttir,  
ritari